

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. nr. 916/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

	Kr.
a) 9. tölul. orðast svo: 9. Beiðni um endurupptöku skv. 3. mgr. 19. gr. eða 2. mgr. 27. gr. vörumerkjalaga	8.000
b) Nýr töluliður sem verður 11. tölul. bætist við og orðast svo: 11. Tilkynning um andmæli, sbr. 1. mgr. 22. gr. vörumerkjalaga	30.000
c) Nýr töluliður sem verður 12. tölul. bætist við og orðast svo: 12. Beiðni um stjórnslulega niðurfellingu skv. 28. gr. vörumerkjalaga	30.000
d) Nýr töluliður sem verður 13. tölul. bætist við og orðast svo: 13. Beiðni um hlutun skv. 1. eða 2. mgr. 24. gr. a vörumerkjalaga	15.000

2. gr.

19. gr. orðast svo:

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari greiðast Einkaleyfastofunni ef annað er ekki tekið fram. Gjöld samkvæmt reglugerð þessari verða ekki endurgreidd.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun og 9. gr. laga nr. 155/2002 um félagamerki, sbr. reglugerð nr. 15/2003 (tók gildi 9. janúar 2003), reglugerð nr. 898/2003 (tók gildi 1. janúar 2004), reglugerð nr. 540/2004 (tók gildi 30. júní 2004), reglugerð nr. 848/2004 (tók gildi 1. nóvember 2004), reglugerð nr. 1057/2007 (tók gildi 1. mars 2008) og reglugerð nr. 1044/2010 (tók gildi 1. apríl 2011), öðlast þegar gildi.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 14. júní 2012.

Steingrímur J. Sigfússon.

Helga Jónsdóttir.